

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Vesturbyggðar, nr. 371/2014.

1. gr.

50. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Bæjarstjórn ræður starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður hjá Vesturbyggð, t.a.m. bæjarstjóra, sviðsstjóra, skipulagsfulltrúa, byggingarfulltrúa, slökkviliðsstjóra og forstöðumenn stofnana og veitir þeim lausn frá störfum.

2. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Vesturbyggðar hefur sett skv. 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 10. maí 2019.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.